

Áhugaverð þroskasaga þráðar og lita

Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur skrifar um veflist sem hann segir ekki hafa fengið þann meðbyr innan íslenskra sjónlista sem hún verðskuldar. Hann fjallar einnig um sýningu Listasafns Íslands á listvefnaði.

Til þessa hefur veflist ekki fengið þann meðbyr innan íslenskra sjónlista sem hún sannarlega verðskuldar. Ef til vill liður hún enn fyrir það fálæti sem henni var sýnt við uppgang nútímalegrar málara- og höggmyndalistar á fyrstu áratugum aldarinnar. Þá var hún nánast afskrifuð sem eftirhreyta forneskjulegrar handverkshefðar sem ekki samræmdist listsýn nýfrjálsrar og framsækinna þjóðar. Hins vegar sáu þjóðræknar hannyrðakonur á borð við Halldóru Bjarnadóttur til þess að veflistin liði ekki undir lok – og raunar gott betur. Ýmislegt það sem íslenskir listvefarar aðhöfðust síðar meir má rekja þráðbeint til rannsóknar þessara merku forvera þeirra á eiginleikum íslensku ullarinnar.

Myndlistarvæðing hannyrðahefðarinnar á Íslandi hefst varla fyrr en upp úr síðari heimsstyrjöld, þegar þær Vigdís Kristjánsdóttir og Ásgerður Búadóttir ganga til liðs við listvefnaðinn. Tvennt er það aðallega sem skýrir þá ákvörðun. Á árunum milli stríða voru listfengar konur á Norðurlöndum í auknum mæli farnar að vefa stór verk, frásagnarleg eða táknræn, til brúks í opinberum byggingum. Þetta var veflist sem krafðist jafnréttis á við myndlistina, sem sé listvefnaður. Tíðindi af honum bárust Íslendingum síðan með timaritum og heimkomnum námsmönnum. Hitt er það einnig að framsæknasti myndlistarskóli á Vesturlöndum, Bauhaus, hafði þá lagt grunn að móðernískum listvefnaði, og þegar hann var lagður niður af nasistum árið 1933, dreifðist ný kynslóð framsækinna listvefara víða um lönd. Ásgerður, sem gift var Birni Th. Björnssyni listfræðingi, gat traudla farið á mis við þessa arfleifð Bauhaus-skólans.

Sem fullþroska listvefarar einsettu þær Vigdís og Ásgerður sér að sýna verk sín með myndlistarmönnum á jafningjagrundvelli. Ásgerður var öllu einarðari í þeirri afstöðu sinni en Vigdís, tregðaðist til dæmis við að taka þátt í samsýningum á allrahandan nytjavefnaði og sérstökum „kvennasýningum“ sem algengar voru á áttunda og níunda áratugnum. Þó dróst hún stundum á að taka þátt í slíkum sýningum fyrir vináttutengsl. Vigdís var öllu hægferðugri og hefðbundnari í listvefnaði sínum, en tengir þó með ýmsum hætti við myndlist samtímamanna sinna, til dæmis frjálsu abstraktlistina.

Sambætting vefjar og listar

En Ásgerður á ótvírætt mestan þátt í myndlistarvæðingu veflistar á Íslandi. Svipmikil verk hennar, með sínum sterku lárétu og lóðréttu áherslum og rikulegri áferð kallast á við málverkin og skúlpurtu strangflatarlistamannanna á sjötta og sjöunda áratugnum. Og gefa þeim í raun ekkert eftir. Í framhaldinu seilist Ásgerður enn víðar í verkum sínum og þá aðallega til nýrrar, og gjarnan táknækinna, sýnar á íslenska náttúru. Meðal listrænna „afkomenda“ hennar eru tvær kynslóðir listvefara sem ýmist héldu áfram að virkja stóra og einfalda fleti, eða kappkostuðu að stunda tilraunir með áferð og þræði, nema hvort tveggja væri. Þar á ég annars vegar við listamenn á borð við Auði Vesteinsdóttur og Ólöfu Einarsdóttur.

Á síðustu árum hefur orðið margs konar og árangursrík sambætting listvefnaðar og annarra myndlistarmíðla, samanber verk Önnu Línal, Hildar Bjarnadóttur, Önnu Óttarsdóttur, Guðrúnar Gunnarsdóttur, Hrafnhildar Arnardóttur og Loja Höskuldssonar. Öll er sú samskipta-



Skarðatungl eftir Ásgerði Búadóttur frá árinu 1976. MYND/ADSEND

saga, bæði aðdragandi hennar og framvinda, áhugaverð – og óskrifuð að mestu.

Því vakti það nokkra tilhlökkun í maí síðastliðnum, þegar spurðist að stór sýning á íslenskum listvefnaði stæði fyrir dyrum í Listasafni Íslands. Hins vegar runnu á menn tvær grimur þegar í ljós kom að umrædd sýning ætti ekki að rekja sögu listvefnaðar á Íslandi, heldur hverfast um verk og arfleifð Ásgerðar Búadóttur og listvefnað í eigu safnsins. Þá stóð einmitt yfir í Listasafni Reykjavíkur stærsta sýning sem haldin hefur verið á verkum Ásgerðar, raunar afmælisýning, með tilheyrandi málþingi um lífsstarf hennar og þýðingu fyrir bæði samtímamenn og eftirkomendur.

Samlegðaráhrifa gætir ekki í litlum myndlistarheimi okkar. Hér hefði Listasafninu verið í lófa lagið að staldra við og endurskoða uppbygg fyrirhugaðrar sýningar sinnar. Þar sem safnið á í rauninni ekki ýkja mikið af listvefnaði, hefði það hvort sem er þurft að fá fjölda verka að láni, bæði frá söfnum og einkaaðilum. Því ekki að nota tækifærið og sýna verk Ásgerðar Búadóttur í hinu stóra samhengi íslensks listvefnaðar og myndlistar honum tengdrar? Til að rýma til fyrir sýningu af þeirri

Täsluóperan, verk eftir Önnu Óttarsdóttur frá árinu 2018.

MYND/ADSEND



OG ÞEGAR MAÐUR HORFIR Á STÓRFALLEG OG ÁFERÐARRÍK VERKIN SEM ÞAR HANGA UPPÍ, SAKNAR MAÐUR ÞESS SÁRLEGA AÐ GETA EKKI HAFT ÞAU MEÐ SÉR HEIM Í VANDAÐRI BÓK OG LESIÐ SÉR TIL UM HÖFUNDA ÞEIRRA.

stærðargráðu hefði safnið einungis þurft að taka niður stóra innsetningu Katrínar Sigurðardóttur og franska sýndarveruleikasýningu, sem báðar eru komnar fram yfir síðasta sóludag. Slík yfirlitssýning hefði verið afskaplega þarft verk og þakklátt, ekki sist ef henni hefði fylgt vegleg skrá með myndum og faglegri úttekt.

Sérkennilegur gerningur

Því miður kaus Listasafnið að halda sig við upprunaleg áform. Það verður að segjast eins og er, að sýning þess, „Listþræðir“ sem hleypt var af stokkunum 12. september síðastliðinn, er hvorki veigamikil áréttning á þýðingu Ásgerðar fyrir textilsamfélagið, til þess eru sýnd verk hennar of fá (5) og einsleit, né marktækt yfirlit listvefnaðar á landinu. Þar sem ekki er hróflað við sýningarsölum sem fyrir eru, eru veruleg þrengsli sýningunni einnig til vansa. Ut af fyrir sig hefði mátt bjarga yfirlitinu með því að taka með þá listamenn, sem ásamt Ásgerði og Vigdís leika stærstu hlutverk í þróunarsögu þessarar listgreinar, nefnilega þær Júlíönu Sveinsdóttur og Barböru Árnason.

Satt best að segja trúði ég því vart fyrr en ég tók á því, að verið væri að hengja upp samsýningu á íslenskum listvefnaði, án þess að gera ráð fyrir þessum tveimur listamönnum. Ástæða þessa gernings virðist vera sérkennileg tímalína sem sýningarstjórar gefa sér. Útgangspunktur hennar er dvöl Ásgerðar í Dönsku listaakademíunni 1946-49; og eingöngu vegna þess að hún var líka á akademíunni um þetta leyti, fær Vigdís Kristjánsdóttir, mun eldri listakona, að fljóta með. Og þar sem Júlíana og Barbara tilheyra eldri kynslóð en Ásgerður, er þeim sleppt. En Danska akademían er hér algert aukaatriði. Hvorug þeirra, Ásgerður og Vigdís, urðu að listvefurum á þeirri stofnun. Glima Vigdisar við listvef hófst nokkru áður en hún innritaðist á akademíuna, bæði hér á landi og í Noregi, og Ásgerður hóf ekki að vefa fyrr en eftir námið við akademíuna.

Það sem skiptir hér mestu máli og einfaldar aðkomu að þessari þróunarsögu sem hér er til umræðu, er að þessir fjórir frumkvöðlar, Júlíana, Vigdís, Barbara og Ásgerður, eru allar upp á sitt besta sem listvefarar á árunum 1950-70 – og Ásgerður auðvitað nokkru lengur. Því er óþarfi að búa til skil sem ekki eru fyrir hendi.

Upplegg og tilhögun þessarar sýningar í Listasafninu eru því hvort tveggja meingölluð um margt. Og þegar maður horfir á stórfalleg og áferðarrík verkin sem þar hanga uppi, saknar maður þess sárlega að geta ekki haft þau með sér heim í vandaðri bók og lesið sér til um höfunda þeirra. Full ástæða er til að hvetja alla sem ekki hafa séð þessa sýningu til að bregða sér út fyrir dyr að berja hana augum niðri við Tjörn.